FIM

# HAUSTSÝNING

## FÉLAGS ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA 1983

KJARVALSSTAÐIR 15-30 OKTÓBER

KÁPUSPJÖLD
UNNIN ÚR SÝRULAUSUM TAUMASSA

HÖNNUN MORKINSKINNA

# FORMÁLI

Snemma á þessu ári var tekin sú ákvörðun á félagsfundi F.Í.M. að hverfa frá hefð haustsýningarinnar og takmarka hana að þessu sinni við verk unnin á pappír og úr pappír.

Alls bárust sýningarnefnd 414 verk. Þar af voru valin 181 verk til sýningar eftir 44 höfunda, 18 félagsmenn F.Í.M. og 26 utanfélagsmenn.

Gestur haustsýningarinnar 1983 er hinn þekkti sænski myndlistarmaður Roj Friberg og bjóðum við hann hjartanlega velkominn.

Sýningarnefnd skipa að þessu sinni: Sigurður Örlygsson form., Sigurður Þórir Sigurðsson ritari, Eyjólfur Einarsson, Gunnsteinn Gíslason, Pétur Behrens, Sigrún Eldjárn, Sigrún Guðmundsdóttir, Snorri Sveinn Friðriksson, Hallsteinn Sigurðsson varam.

*Formaður sýningarnefndar*

# UM PAPPÍR

Saga pappírsgerðar hefst í Kína árið 105 e.Kr. samkvæmt opinberum heimildum þar í landi. Ráðherra Kínakeisara, Ts'ai Lun að nafni, er talinn vera frumkvöðull þessa verks og mun hafa notað hamp, tuskur og ónýt fiskinet við pappírsgerð sína. Frá Kína berst pappírsgerðarlistin til Japan á 7. öld og síðar til Arabalanda. Það er ekki fyrr en á 12. öld að pappír var fyrst framleiddur í Evrópulandi, en það mun hafa verið í borginni Xátiva á Spáni. Til Norðurlanda berst pappírsgerð á 17. öld. Pappír hefur aldrei verið framleiddur á Íslandi. Elsta pappírsskjal, sem vitað er um hér á landi, er frá 1437.

Saga pappírsgerðar er saga handgerðs pappírs. Þó svo að pappír hafi fyrst verið búinn til í Kína hefur pappírsgerð ef til vill staðið í mestum blóma í Japan. Hinn rómaði japanpappír (WASHI), sem tekur öðrum pappír fram að gæðum og fegurð, er unninn úr múlberjatré, mitsumata og gampi. Í Evrópulöndum voru notaðar eingöngu tuskur (enska: rag, sænska: lump) og annar úrgangur úr spunatrefjum. Tuskur voru vandlega þvegnar og síðan tættar og malaðar þar til úr varð mauk. Á 18. öld kom til sögunnar tæki er nefnist „hollendingur" og olli mikilli byltingu í meðferð pappírsmassans.

Enn er pappír unninn úr taumassa, en taumassinn er aðallega gerður úr svonefndum „linters" sem eru stuttar trefjar í baðmullinni og ónothæfar til spunavöru, en prýðisgóðar til pappírsgerðar. Við vinnslu handunnins pappírs er trefjamassanum, sem er um 95% vatn, hellt í þar til gerð ker. Síðan er trémóti (enska: mould, sænska: form), sem fínriðið bronsnet hefur verið strekkt yfir, difið ofan í massann og því síðan lyft upp úr kerinu, en við það rennur vatnið burt og trefjarnar leggjast ofan á netið. Utan um trémótið með bronsnetinu er trérammi (enska: deckle, sænska: däckel) sem hindrar að trefjamassinn renni út af netinu. Þegar mesta vatnið er runnið í gegnum netið er ramminn fjarlægður og pappírnum, sem myndast hefur, hvolft yfir á ullarmottu og önnur lögð yfir. Þetta er endurtekið þar til stór stafli hefur myndast. Síðan er staflinn pressaður og drekka þá motturnar í sig rakann úr pappírnum. Eftir að pappírinn er orðinn þurr er hann styrktur með límí, misjafnlega mikið eftir því til hvers hann er ætlaður. Skrifpappír hefur mikið lím í sér, en þerripappír ekkert. Einnig er límefni oft sett í pappírsmassann áður en pappírinn er mótaður.





*Tréristа eftir Jost Amman frá 1568 sem sýnir pappírsgerð.*

Vatnsmerki einkenna gjarnan handunninn pappír, þó svo að þau komi einnig fyrir í vélunnum pappír. Vatnsmerki er nokkurs konar firmamerki pappírsframleiðandans og mun fyrst hafa verið notað í lok 12. aldar. Vatnsmerki myndast í pappírnum vegna upphækkunar í bronsnetinu. Þar sem vatnsmerkið á að koma fram þynnist pappírinn og er auðvelt að sjá merkið sé pappírnum brugðið upp að ljósi. Vatnsmerkjafræði eða filígranólógía er fræðigrein sem stunduð er á skjala- og bókasöfnum erlendis, meðal annars til að ákvarða aldur skjala og pappírs.

Það segir sig sjálft að gæði pappírs fara eftir gæðum pappírsmassans. Öll fyrrgreind efni, þ.e. baðmull, lín, hör, hampur og aðrar jurtatrefjar, henta mjög vel til pappírsgerðar. Þar sem pappírsmassinn er meira en 95% vatn skiptir máli að vatnið sé gott, basískt og án járns og zinks. Um miðja 19. öld er farið að vinna pappír í vélum og ný efni koma til sögunnar sem eru síðri að gæðum en hin eldri. Þá verður trjáviður aðalhráefni til pappírsgerðar. Pappírsmassi úr trjáviði er aðallega tvenns konar, mekanískur massi (slípimassi) og kemískur massi (súlfít og súlfat), og þar er mikill gæðamunur á. Hinn fyrrnefndi er mun meira framleiddur og ódýrari í framleiðslu þar sem um 90% nýting er á trjáviðnum. Dæmigerður slípimassi er dagblaðapappír. Við framleiðslu kemísks massa er nýting á milli 50-60% af viðarþyngdinni. Ýmis óæskileg efni eru í slípimassanum sem hreinsast úr kemíska pappírsmassanum og má t.d. nefna „lignín" sem veldur m.a. gulnun í pappír, en lignín er efni sem bindur saman trefjarnar í trjáviðnum. Þá hefur kemískur massi engar trjáflísar. Ýmis afbrigði eru til af þessum pappírsgerðum.

*Hilmar Einarsson*

*MORKINSKINNA*
*Hverfisgötu 54*
*Reykjavík*

# Roj Friberg

## Svíþjóð

*Nám: Slöjdföreningens skola Gautaborg*
*Valands listaskólinn Gautaborg*

Einkasýningar: í Gautaborg, Stokkhólmi, Västerås, Gaule, Norrköping, Varberg, Örebro, Malmö, Uddevalla. París 1975, 1976 og Varsjá 1975. Farandsýning í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi 1979–80.

Roj Friberg hefur tekið þátt í alþjóðlegum samsýningum, m.a. í ungdómsbienalinum í París 1967, og eru verk hans í eigu helstu listasafna Svíþjóðar og víða í söfnum erlendis.

Hann hefur einnig unnið sviðsmyndir, m.a. fyrir Dramaten í Stokkhólmi, borgarleikhúsið í Malmö og Sjónvarpsleikhúsið í Gautaborg.



*Mynd eftir Roy Friberg*



# MYNDASKRÁ

## Roj Friberg

Gestur F.Í.M.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Mörkerfront | 1979 |
| 2. | Resa i drömmen | 1979 |
| 3. | Valkadaver | 1983 |
| 4. | Destruktion | 1983 |
| 5. | Praktinteriör | 1979–83 |
| 6. | Tog mot mörkerfronten | 1979–83 |
| 7. | Sólarljóð I | 1979–83 |
| 8. | Sólarljóð II | 1979–83 |
| 9. | Sólarljóð III | 1979–83 |
| 10. | Flodbotten | 1979–83 |
| 11. | Vid mörkerfronten I | 1979–83 |
| 12. | Vid mörkerfronten II | 1979–83 |
| 13. | KalloCain (Karin Boye) | 1979–83 |
| 14. | Sprängd bro | 1979–83 |
| 15. | Posunt landskap | 1979–83 |
| 16. | 13 litógrafíur | |

## Aðalheiður Skarphéðinsdóttir f.1950

| | | |
|---|---|---|
| 17. | Við ströndina I | 1983 |
| 18. | Við ströndina II | 1983 |
| 19. | Á hinum bakkanum | 1983 |
| 20. | Á hinum bakkanum | 1983 |

## Alfreð Flóki f. 1938

| | | |
|---|---|---|
| 21. | Dásadans | 1983 |
| 22. | Dökkumið | 1983 |

## Ásgeir Lárusson f. 1958

| | | |
|---|---|---|
| 23. | Einvala | 1983 |
| 24. | Fjórhent | 1983 |
| 25. | Kólga | 1983 |
| 26. | Krytur | 1983 |

Ásrún Tryggvadóttir f. 1939

| | |
|---|---|
| 27. Sólstafur | 1983 |
| 28. Ljósbrot | 1983 |
| 29. Birta | 1983 |
| 30. Upphaf | 1983 |

Baldur Edwins f. 1918

| | |
|---|---|
| 31. Ávextir og kanna | 1982 |

Brynhildur Ósk Þorgeirsdóttir f. 1944

| | |
|---|---|
| 32. Stef I | 1983 |
| 33. Stef II | 1983 |
| 34. Stef III | 1983 |

Edda Jónsdóttir f. 1942

| | |
|---|---|
| 35.-42. Freyja I-VIII | 1983 |

Fanney Jónsdóttir f. 1905

| | |
|---|---|
| 43. Í Amsterdam | 1981–82 |
| 44. Playa de las Burrnas | 1981–82 |

Gunnar Örn f. 1946

| | |
|---|---|
| 45. Mynd | 1983 |
| 46. Mynd | 1983 |
| 47. Mynd | 1983 |
| 48. Mynd | 1983 |

Guðbergur Auðunsson f. 1942

| | |
|---|---|
| 49. Umræðuefni | 1981 |
| 50. Veggur í París | 1981 |
| 51. Innlendar fréttir | 1981 |

Guðrún Gunnarsdóttir f. 1948

| | |
|---|---|
| 52. Mynd I | 1983 |
| 53. Mynd II | 1983 |
| 54. Mynd III | 1983 |

Guðrún Kristjánsdóttir f.1950

| | |
|---|---|
| 55. Fugl á fjalli | 1983 |
| 56. Fjall | 1983 |



Guðrún Svava Svavarsdóttir f. 1944

| | |
|---|---|
| 57. Þangað | 1983 |
| 58. Þar sem . . . | 1983 |
| 59. Það verður ekki | 1983 |

Guttormur Jónsson f. 1942

| | |
|---|---|
| 60. Flug | 1983 |
| 61. Baðstrandarlíf | 1983 |

Helga Benediktsdóttir f. 1951

| | |
|---|---|
| 62. Vor | 1983 |
| 63. Ruggubátur | 1983 |
| 64. Við glugga | 1983 |

Hólmfríður Árnadóttir f. 1930

| | |
|---|---|
| 65. Regn | 1980 |
| 66. Í ljósaskiptunum | 1980 |
| 67. Sandur | 1980 |
| 68. Í klettinum | 1980 |
| 69. Við hylinn | 1980 |

Hringur Jóhannesson f. 1932

| | |
|---|---|
| 70. Klyfberi 1 | 1983 |
| 71. Klyfberi 2 | 1983 |
| 72. Klyfberi 3 | 1983 |
| 73. Konica 1 | 1983 |
| 74. Konica 2 | 1983 |
| 75. Konica 3 | 1983 |

Jóhanna Bogadóttir f. 1944

| | |
|---|---|
| 76. Gandreið | 1983 |
| 77. Gandreið | 1983 |
| 78. Gandreið | 1983 |

Jóhanna Þórðardóttir f. 1946

| | |
|---|---|
| 79. Lognskúta | 1983 |
| 80. Bláhyrningur | 1983 |
| 81. Pappírsljóð | 1983 |

## Jón Reykdal f. 1945

82. Úr svartasandssyrpu 1983
83. Úr svartasandssyrpu 1983
84. Úr svartasandssyrpu 1983

## Leifur Breiðfjörð f. 1945

85. Drög að glerdreka 1983
86. Nokkrir uppsetningarmöguleikar á glerdreka 1983

## Magnús Kjartansson f. 1949

87. Haustmynd 1983
88. Án titils 1982
89. „Birtist mér í draumi" tilfinning 1983

## Magnús Tómasson f. 1943

90. Hvorki fugl né fiskur '80–83
91. Skapandi stærðfræði 1980–81
92. Pappírsvinna 1983

## Ólöf Birna Blöndal f. 1942

93. Fata og skófla í snjó 1983
94. Bíll í grasi 1983

## Pétur Behrens f. 1937

95. Gamli Ós 1982
96. Þorleifur 1982

## Ragnhildur Stefánsdóttir f. 1958

97. Nafnlaus skúlptúr 1983

## Róbert Glad f. 1954

98. Konan 1983
99. Konan 1983

## Rúna Gísladóttir f. 1940

100. Angan III 1983
101. Angan IV 1983
102. Angan VI 1983
103. Angan VIII 1983



## Rut Rebekka Sigurjónsdóttir f. 1944

104. Forte 1983
105. Forte 1983
106. Forte 1983

## Samúel Jóhannesson f. 1946

107. Mynd 1983
108. Mynd 1983
109. Mynd 1983

## Sigríður Candi f. 1934

110. Walla walla 1983

## Sigríður Gyða Sigurðardóttir f. 1934

111. Borgarlíf 1983
112. Borgarlíf 1983

## Sigrún Eldjárn f. 1954

113. Hvar er friður? 1983
114. Er hvergi friður? 1983
115. Er friðurinn úti? 1983

## Sigrún Guðjónsdóttir f. 1926

116. Gullið vor I 1983
117. Gullið vor II 1983
118. Nakið land I 1983
119. Nakið land II 1983
120. Einsemd 1983

## Sigurður Ármannsson f. 1956

121. Án titils 1983
122. Án titils 1983
123. Án titils 1983

## Sigurður Eyþórsson f. 1948

124. Sjálfsmynd 1983
125. Helga hin fagra 1983

## Sigurður Þórir f. 1948

126. Að glíma við vandann 1983
127. Að vera saman 1983
128. Í skjóli 1983
129. Andlit 1983

## Sigurður Örlygsson f. 1946

130. Hjól 1
131. Hjól 2
132. Hjól 3

## Snorri Sveinn Friðriksson f. 1934

133. Portrett 1 1983
134. Portrett 2 1983
135. Portrett 3 1983
136. Portrett 4 1983

## Stígur Steinþórsson f. 1960

137. Á torgi 1983
138. Í stjórnstöð 1982
139. Í neðanjarðarbyrgi 1983

## Tryggvi Ólafsson f. 1940

140. Vaka 1983
141. Nature morte 1982
142. Stemma 1983
143. Nature morte 1983
144. Kyrra 1983
145. Kveðja 1983

## Valdís Óskarsdóttir f. 1949

146 Everibadi love somebadi somtimes 1983
147. Draumur 1983

## Þórður Valdimarsson f. 1922

148. Eldfjallkona 1950
149. Minning um trúarlíf 100 árum f. Krist 1950

## Örn Þorsteinsson f. 1948

150-169. Úr Þúsundmyndasafninu 1983